

Föstudaginn 19. september 1997.

Nr. 378/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Heiðari Þór Guðmundssyni

(Helgi Sigurðsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. september 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. september 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 30. sama mánaðar kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Eins og málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði, er fullnægt skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds. Með þessari athugasemd verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. september 1997.

Ár 1997, föstudaginn 12. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til a- og d-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Heiðari Þór Guðmundssyni,

kt. 130758-6499, óstaðsettum í hús, en með dvalarstað að Yrsufelli 7, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 30. september nk. kl. 16 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Lögreglan í Reykjavík vinnur nú að rannsókn líkamsárásar, sem kærði er grunaður um að hafa framið í veitingahúsinu Ölkjallaranum, Pósthússtræti 17 hér í borg, þriðjudagskvöldið 2. september sl. Sá, sem fyrir árásinni varð, Jósef Gunnar Ingólfsson að nafni, var fluttur á Sjúkrahús Reykjavíkur og gekkst þar undir heilaskurðsaðgerð vegna áverka, sem hann er talinn hafa hlotið á veitingahúsinu, en í ljós kom, að blætt hafði inn á heila hans og að þrýstingur á heilann var orðinn mikill vegna blæðingarinnar. Að mati lækna mátti ekki tæpara standa um líf hins slasaða. Í áverkavottorði sérfræðilæknis í heila- og taugaskurðlækningum, dags. 11. þ. m., kemur fram, að Jósef Gunnar sé nú útskrifaður af gjörgæsludeild, hann sé með meðvitund og tjái sig, lömun hafi gengið til baka, en hann sé mjög ruglaður og geri sér hvorki grein fyrir umhverfi sínu né tíma. Þá sé minni hans takmarkað. Ekkert verði sagt um batahorfur, en ljóst sé, að hann muni þurfa á langri endurhæfingu að halda.

Kærði hefur viðurkennt að hafa lent í átökum við Jósef Gunnar á framangreindum stað umrætt kvöld, en þau hafi verið smávægileg og einkum verið fólgin í því, að hann hafi slegið manninn í andlit klæddur leðurhanska. Jósef Gunnar hafi ekki fallið við höggið. Þeir hafi þessu næst gengið inn á salerni og höfuð Jósefs Gunnars skolið þar á flísalagðan kant, en því næst hafi hann fallið í gólfið. Kærði telur hins vegar, að meiðsl Jósefs Gunnars geti ekki stafað af sínum völdum.

Framburður vitna er í meginatriðum á þá leið, að sést hafi til kærða slá Jósef Gunnar með krepptum hnefa í andlit og hrinda honum þannig, að höfuð hans hafi skolið á flísalagðan kant undir vaski á salerni veitingahússins.

Rannsókn máls þessa er komin á nokkurn reksþöl, en ljóst er, að yfirheyra þarf fleiri vitni, sem kunna að geta gefið mikilvægar upplýsingar um atburð þann, sem til rannsóknar er, á veitingahúsinu Ölkjallaranum að kvöldi 2. þ. m. Þá gætir verulegs ósamræmis milli framburðar kærða annars vegar og vitna hins vegar. Af læknisvottorði er ljóst, að um slíka áverka er að ræða, að leitt geti til stórfellds líkams- eða heilsutjóns. Kann kærði, ef sök sannast, að hafa gerst sekur um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir því rétt að taka til greina kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um framhald gæsluvarðhalds kærða, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Heiðar Þór Guðmundsson, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16 í dag, allt til þriðjudagsins 30. september nk. kl. 16.
